Fyrst vil ég nefna þann mikla launamun, sem sífellt hefir aukist á undanförnum árum og gerir þeim, sem dragast afturúr æ-erfiðara að framfleyta sér og sínum, vil ég þar nefna einstæða foreldra, öryrkja og aldraða ásamt stórum hópi láglaunafólks.

Annað en þau vandamál sem skapast vegna síaukinnar sölu og neyslu fíkniefna og hinna geigvænlegu afleiðinga þeirra og er það álit margra, að ekki sé gert **of** mikið úr þeim vanda, sem þar er við að fást.

Síðast en ekki síst, má ekki gleyma því að borið hefur á atvinnuleysi aðallega út um land, að vísu oftast tímabundið, en það er erfitt að gera sér grein fyrir því öryggisleysi, sem stór hluti fólks býr við, t.d. í fiskiðnaði, þar sem hægt er að segja fólki upp starfi með viku fyrirvara.

Í sambandi við atvinnumálin er vert að hugleiða hve mikilvæg þau eru þegar hugsað er til þess að þó nokkur hluti af þeim dönsku stúlkum, sem hingað hafa komið til starfa í fiskiðnaði eru hér fyrst og fremst til að ná sér í starfstíma til að komast inn á atvinnuleysisbætur og hafa litla von um að fá vinnu þó þær vildu þegar heim kemur.

Vegna þess hve stór málaflokkur fjölskyldumálin eru, en segja má að þau tengist flestum málaflokkum t.d. efnahags- og atvinnumálum ásamt launamálum og vegna hinna öru breytinga í þjóðfélaginu t.d. í sambandi við tækni og tölvuvæðingu er nauðsynlegt að halda vöku sinni.

Ég tel að brýnt sé að gera áætlun til lengri tíma, unna af sérfróðu fólki, um það hvað hin öra þróun muni hafa á fjölskylduna í framtíðinni svo hægt sé að miða áætlanir og aðgerðir stjórnvalda í samræmi við þau.

Og sífellt sé verið á verði um að aðlaga fjölskyldur og einstaklinga í samræmi við þær.

Þetta gæti verið verðugt verkefni fyrir LFK að vinna að. Framsóknarflokkurinn varð fyrstur stjórnmálaflokka að móta stefnu í fjölskyldupólitík og honum ber að hafa áfram forystu í málefnum fjölskyldunnar og vekja á því athygli, og okkur ber einnig að gæta þess að fjölskyldan verði ekki fótumtroðin af stefnu eiginhagsmuna og frjálshyggju.


Þórdís Bergsdóttir er bæjarfulltrúi á Seyðisfirði og annar varaþingmaður í Austurlandskjördæmi.

„Meistari Kjarval 100 ára“

■ Í október-mánuði eru hundrað ár liðin frá fæðingu eins mesta listamanns íslensku þjóðarinnar, Jóhannesar S. Kjarvals. Margt verður gert til að heiðra minningu þess manns, sem er einn helsti burðarstólpi íslenskrar myndlistar og menningar fyrr og síðar. Stærsta einkasafn Kjarvalsmynda er í eigu Þorvaldar Guðmundssonar, forstjóra í Síld og fisk, sem hann hefur eytt stórum hluta ævi sinnar til að safna. Í tilefni afmælisins undirbýr Þorvaldur nú sýningu á á annað hundrað myndum, sem opnuð verður 19. október n.k. í sýningarsal hans í Háholti í Hafnarfirði.

Sýningin ber yfirskriftina „Meistari Kjarval 100 ára“, og flest málverkin hafa aldrei fyrr komið fyrir sjónir almennings. Nokkrar myndir hafa áratugum saman verið erlendis og eru tvær t.a.m. nýkomnar heim frá Þýskalandi, eftir að hafa verið þar frá því skömmu eftir að þær voru máladar 1934.

Elsta myndin á sýningunni er handmálað jólakort frá 1905. Mesta verkið á sýningunni er hið margfræga „Lífshlaup Kjarvals“, sem er í raun veggfóðrið úr vinnustofu Meistarans í Austurstræti. Í litprentuðu afmælisriti, sem Þorvaldur gefur út í tilefni tímamótanna, segir Aðalsteinn Ingólfsson, listfræðingur í lokaorðum m.a.: „Á þessu afmælisári Kjarvals verða sýningar haldnar honum til heiðurs víða um land. Þó er ég sannfærður um að engin þeirra megnar að sýna hinn fjölþætta og óútreiknanlega feril hans með eins hnitmiðuðum og sannfærandi hætti, og þessi sýning í Háholti.“



■ **Hér er Þorvaldur Guðmundsson með litaspjald Kjarvals við ófullgerða mynd, sem er hluti af Lífshlaupi Meistarans. Hjá honum standa Gunnar Hjaltason, gullsmiður og Aðalsteinn Ingólfsson, listfræðingur, en þeir hafa aðstoðað Þorvald við að koma afmælissýningunni „Meistari Kjarval 100 ára“ upp í Háholti í Hafnarfirði.**

Sýningin opnar 19. október n.k. og þar verða sýnd á annað hundrað listaverka Kjarvals, sem flest koma nú fyrir augu almennings í fyrsta sinn.

Glæsileg bók um Kjarval

■ Út er komin hjá Almenna bókafélaginu ævisaga Jóhannesar S. Kjarvals eftir Indriða G. Þorsteinsson. Þetta er mikið verk í tveimur bindum og rekur ævi Kjarvals frá fæðingu á Efriey í Meðallandi 15. október 1885 og til dauðadags 13. apríl 1972. Auk þess eru margar myndir í ævisögunni, bæði litprentanir af málverkum og ljósmyndir frá ævi listamannsins og af samferðafólki hans.

Indriði G. Þorsteinsson var af Hússtjórn Kjarvalsstaða ráðinn árið 1976 til að rita þessa ævisögu. Hefur hann unnið að því verki síðan, fyrst við gagnasöfnun og úrvinnslu gagna, en eiginleg ritun sögunnar hófst ekki fyrr en um áramótin 1983-84, að því er hann segir í eftirmála við verkið. Davíð Oddsson borgarstjóri ritar formálsorð fyrir verkinu.

Ævisaga Kjarvals er glæsileg bók og hefur Hafsteinn Guðmundsson ráðið allri uppsetningu hennar og útliti. Val málverka sem myndir eru af í ævisögunni hefur Frank Ponzi annast og haft umsjón með prentun þeirra. Þar sem verkið er unnið að frumkvæði Reykjavíkurborgar hafa aðilar í stjórn borgarinnar fylgst náið með framvindu þess og hefur Björn Friðfinnsson framkvæmdastjóri lögfræði- og stjórnsýslu borgarinnar mest komið þar við sögu.


Ævisaga Kjarvals er eins og áður segir í tveimur bindum. Fyrra bindið er 288 bls. að stærð og síðara bindið 326 bls. og eru þá myndasíður ekki taldar með. Filmuvinnu og prentun bókarinnar hefur Prentsmiðjan Oddi annast.



■ **Indriði G. Þorsteinsson**



■ **Jóhannes S. Kjarval**



sjálfir ákveða. Það fyrirtæki í hvaða mynd sem það er verður síðan ekki lagt niður gegn vilja félagsmannanna.

Ef viðkomandi fyrirtæki væri í höndum einkaaðila er alltaf sú hætta fyrir hendi að eigandinn flytti í burtu eða hætti rekstri þess óháð því hvort heimamenn æskja þess eða ekki. Viðkomandi einstaklingur getur haft ærnar ástæður til að leggja niður sitt fyrirtæki t.d. vegna heilsuleysis, aldurs, breytingu á högum fjölskyldunnar eða að hann telji sig ekki fá nægan hagnað af rekstri þess.

Ef þessi einstaklingur flytur úr héraðinu flytjast einnig með honum miklir fjármunir. Fjármagn kaupfélaganna flyst hins vegar ekki í burtu þar sem eigendurnir eru heimamenn sjálfir á hverjum tíma.

Þá er einnig rétt að benda á að kaupfélögin eru undir stjórn heimamanna og þar með fjármagn þeirra. Því er það víða svo að kaupfélögin lána einstaklingum til sinna framkvæmda jafnvel þótt þeir séu ekki félagsmenn vegna þess að félagsmennirnir álíta að starfsemi þeirra sé nauðsynleg héraðinu. Má þar nefna lán til kaupa á stórvirkum tækjum, bátum og ekki síst til byggingaframkvæmda. Þetta þýðir í raun að félagsmennirnir sem eru vel stæðir hjálpa þeim sem þurfa að koma fótunum undir sig.

Sá þáttur kaupfélaganna sem þau eru hvað þekktust fyrir er neysluvöruútvegun. Kaupfélögin versla með þá vöru sem félagsmennirnir vilja og þurfa án tillits til þess hve miklum ágóða varan skilar. Kaupfélagið sinnir þörfum félagsmannanna en jafnframt leggur þetta þjónustuhlutverk kaupfélögunum miklar skyldur á herðar. Einkaverslunin getur sérhæft sig í verslun á einstaka vörutegundum og lagt þá áherslu á þær vörur sem mestum ágóða skilar. Þá er einnig rétt að benda á að mörg kaupfélaganna hafa sett sér það markmið að vera með sama vöruverð á öllu félagssvæðinu án tillits til fjarlægðar frá höfuðstöðvunum. Þetta er mikið réttlætismál fyrir félagsmennina en vitanlega standa kaupfélögin verr að vígi gagnvart samkeppnisaðila sem staðsettur er á stærsta staðnum og getur boðið vöruverð niður vegna lítils flutningskostnaðar og fjölda viðskiptavina, þ.e. hann getur tekið uggann úr egginu en látið kaupfélaginu eftir að sjá um óarðbæru þjónustuna.

Þjónusta kaupfélaganna kemur fram í ýmsum myndum og skilar oft ekki hagnaði. Mörg kaupfélaganna eru með hótelrekstur á fámennum stöðum, bifreiðaverkstæði, trésmiðju, véruflutninga o.fl. o.fl. Félagsmennirnir vita að þessi þjónusta er nauðsynleg fyrir byggðarlagið og borga jafnvel með henni með arði sínum. Enginn einstaklingur myndi halda uppi þannig þjónustu sem rekin væri með halla. Hann hvorki gæti það né vildi.

Í fámennum byggðarlögum veltur það á samtakamætti fólksins hvort hægt er að ráðast í stórframkvæmdir s.s. togarakaup, frystihúsabyggingar eða iðnaðarframleiðslu. Kaupfélögin eru vettvangur fyrir sameiginlegt átak. Dæmi um allt land sýna að kaupfélögin ásamt sveitarfélögunum og eða einstaklingum hafa verið að gera stórátök sem einstaklingi væri ofviða.

Að síðustu má nefna að öll kaupfélögin stuðla að menningarlífi í einni eða annarri mynd og hafa það beinlínis á stefnuskrá sinni.

Ljóst má vera að kaupfélögin gegna viðamiklu hlutverki í hverju byggðarlagi ekki síst á landsbyggðinni og er vert að minnast þess nú þegar samdráttar gætir þar. Ekkert félag er sterkara en þeir einstaklingar sem að því standa. Með því að sýna kaupfélögunum viðskiptatryggð og taka virkan þátt í félagsstarfi þeirra og uppbyggingu stuðlar félagsmaðurinn að aukinni þjónustu þeirra, auknum umsvifum í atvinnumálum og þar með aukinni hagsæld byggðarlagsins.

Stöndum saman um velferð þjóðarinnar. Samvinnuhreyfingin hefur sannað hlut sinn í þeim efnum.

Níels Árni Lund